

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kristínar Jöhönnu Pálsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. apríl 1943. 79

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kristínar Jöhönnu Pálsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristínar Jöhönnu Pálsdóttur og er stofnaður af Kvenfélaginu Von í Siglufirði á 25 ára afmæli félagsins 13. nóv. 1942, til minningar um hina látnu félagssystur, er var ein af stofnendum félagsins og meðlimur þess til dauðadags, en hún lézt 9. maí 1932.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er afmælisgjöf til kvenfélagsins að upphæð 1000 — eitt þúsund — krónur frá eiginmanni Kristínar, Péttri Bóassyni trésmíðameistara, og börnum þeirra, Helga, Maríu og Páli. En gjöfina gáfu þau félaginu „til minningar um látna eiginkonu og móður“.

Auk þess leggur kvenfélagið sjálf fram 1000 — eitt þúsund — krónur til sjóðsstofnunarinnar, er mun svara nokkurn veginn til þeirrar upphæðar, er Pétur Bóasson hefur áður gefið félaginu í vinnu o. fl.

Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæk börn, er misst hafa foreldri sitt eða orðið að sjá þeim á bak sökum veikinda. Er sérstaklega til þess ætlast, að börnin séu styrkt til sumardvalar í sveit.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjár konur, er Kvenfélagið Von kys til þriggja ára. Gangi þær úr stjórninni til skiptis. Í fyrsta sinn gangi ein úr með hlutkesti, eftir eitt ár, og önnur einnig með hlutkesti eftir tvö ár, en úr því í rétttri röð þannig, að hver kona sitji að minnsta kosti þrjú ár í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Siglufjarðar. Þó er stjórn hans heimilt að verja honum til verðbréfakaupa, enda sé af því sýnilegur vaxtahagnaður.

6. gr.

Styrk má veita úr sjóðnum þegar vextir hans nema að minnsta kosti kr. 150.00 og þó ekki hærri en sem nemi $\frac{2}{3}$ vaxtanna. $\frac{1}{3}$ vaxtanna leggist jafnan við sjóðinn unz hann er orðinn kr. 10000.00 Eftir það má verja öllum vöxtunum til styrktar starfseminnar, þegar stjórn hans telur þess þörf.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum og annast reikningshald hans, en endurskoðun hans heyrir undir endurskoðun annarra reikninga kvenfélagsins.